

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 128/442
komudagur 3.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. desember 2002

Tilvísun: 2002110075


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 359. mál.


Fjármálaeftirlitið styður efni frumvarpsins. Í fylgiskjali I sem fylgir greinargerð með frumvarpinu er birt skýrsla Fjármálaeftirlitsins til ráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2003. Jafnframt er birt í fylgiskjali III skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi stofnunarinnar frá miðju ári 2001 til miðs þessa árs. Í þessum gögnum er að finna ítarlega umfjöllun um rekstur og starfsemi stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins, en er reiðubúið að veita frekari upplýsingar og liðsinna nefndinni, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Þorsteinn E. Marinósson